



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

66. tölublað 7. árgangur maí 2018 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsAhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú að....

fiðrildi geta
bragðað með
fótunum ?

Lykilspurningar

Hvað vilt þú?

Hvernig get
ég hjálpað
þér?



Hvaða val hefur þú?

Hverju vilt
þú breyta?



Hvernig viltu að þér
líði?



Að hverju
stefnir þú?

Hvað vilt þú að gerist
næst?

Hvað er
mikilvægt
fyrir þig?



Ef þú gæti breytt ein-
hverju, hverju myndir
þú þá breyta?



Kæra skólasamfélag!

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn. Nú er sjötta starfsár skólans senn á enda og sem fyrr hefur starfið verið gott og uppbyggilegt á flestan hátt. Framundan er vormánuður sem inniheldur sveitaferð, dagsferð eldri nemenda, ruslatínslu, vorhátíð og úttektaraðili frá Landvernd kemur og tekur skólann út svo við getum enn á ný flaggað grænánanum. Svo kemur sumar, einhverjir hverfa á braut á aðra staði, aðrir koma í staðinn eins og lífið er. Njótum vorsins og sumarsins og gerum sem mest úr því sem lífið hefur upp á að bjóða.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Sveitaferð

Kötlukot stefnir á sveitaferð í kringum 10 maí. Dagsetningin er ekki alveg komin á hreint ennþá en hún verður vel auglýst. Stefnt verður að hafa þetta eins og undanfarið og fara á Hámundastaði til Ellu og skoða kindurnar þeirra Snorra og Brynju. Mikilvægt er að allir hafi stígvél og pollaföt meðferðis þennan daginn. Foreldrar eru velkomnir að koma og hitta okkur en við getum ekki boðið þeim með í rútuferð.



Uppsagnarfrestur

Til áminningar þá þarf ekki að segja upp fyrir börn sem eru á Kötlukoti og eru að byrja í 1. bekk í Árskógar skóla um haustið, ef þau hætta þegar sumarfrí hefst. Hins vegar ef börnin eiga að hætta á öðrum tíma gilda almennar uppsagnareglur. Uppsagnarfrestur er einn mánuður og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Sé þetta ekki gert þarf að greiða fyrir mánuðinn.



Hjóladagur, ruslatínsla, leikir og grill

Í maí höfum við haft hjóladag, leiki, tínt rusl og skemmt okkur. Það ætlum við auðvitað að gera í maí en ætlum okkur að velja góðviðrisdag þegar okkur hentar. Við munum því láta ykkur vita þegar dagurinn hefur verið ákveðinn.



Hvað einkennir góðan lesara?

Menntamálastofnun hefur gefið út veggspjald sem tíundar einkenni góðs lesara. Efni veggspjaldsins tengist framtíðaráherslum í útgefnu efni á vegum Menntamálastofnunar og læsisverkefnisins sem sett var á laggirnar í kjölfar Þjóðarsáttmála um læsi.

Lesskilningstækni og lesskilningsaðferðir eru nauðsynleg viðfangsefni og mikilvægur þáttur í formlegri læsis-kennslu svo læsi nemenda vaxi og dafni í takti við þroska, áhuga og kröfur sem nám gerir til þeirra. Á veggspjaldinu er lögð áhersla á að útskýra þá hæfni sem einkennir góðan lesara og sjálfsagt er að gera þessa hæfni að umræðuefni með nemendum svo þeir geti betur glöggvað sig á færninni sem gerir þá að góðum lesurum.



Smelltu á myndina til að fá hana stærri!

Hagnýtar upplýsingar

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,
skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

[Skóladagatal 2017-2018](#) svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>

Netfang: arskogarskoli@dalvikurbyggd.is



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Viðburðadagatal maí 2018

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
	1 Verkalýðs- dagurinn Lokað	2	3	4 Sigurlaug 4 ára 	5	6
7	8	9	10 Uppstigning- dagur Lokað	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20 Hvítasunnu- dagur
21 Annar í hvítasunnu Lokað	22	23	24	25 Matsmöppur heim 1.-5. bekk 	26	27
28	29	30	31 Skipulagsdagur Skóli lokaður	1. júní Skólaslit kl. 10 ⁰⁰ Kötlukot lokar 12 ⁰⁰		